

AUGLÝSING

um

samþykkt um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík frá 26. maí 1915.

5. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Borgarstjóri er formaður fátækranefndarinnar, en auk hans eiga sæti í henni fjórir bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla stjórn fátækramála bæjarins. Hún sjer um framfærslu þurfamanna, annast allar brjefaskriftir um fátækramálefni og viðskifti við önnur sveitarfjelög, annast lögflutninga þurfamanna og greftrun þeirra. Nefndin ráðstafar fje því, sem veitt er til þurfamanna. Hún semur um meðgjafir og önnur útgjöld vegna fátækra.

Til aðstoðar nefndinni má borgarstjóri skipa tvo eða þrjá fátækrafulltrúa, er fáí þá þóknun úr bæjarsjóði, sem bæjarstjórnin ákveður, eftir tillögu fátækranefndar. Þeir eiga meðal annars að hafa sjerstaka umsjón með þurfamönnum og láta sjer ant um þá og líðan þeirra, hafa nákvæmar gætur á högum þeirra og heimilisástæðum, en jafnframt stuðla að því, að þurfamenn noti efni sín með forsjá og hagsýni, leiti sjer atvinnu eftir megni og kosti kapps um að bjarga sjer og sínum.

Styrkbeiðni þurfamanna verður að jafnaði ekki tekin til greina, nema fátækrafulltrúi styðji hana og má ávísa honum styrknum til ráðstöfunar fyrir þurfamanninn, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúarnir skulu gera sjer far um að afla sjer nákvæmra skýrslna um aðkomumenn, er hafa orðið öðrum sveitum til þyngsla eða hætt er við að eigi geti haft ofan af fyrir sjer í kaupstaðnum. Þeir skulu og aðstoða við úthlutun ellistyrks og önnur störf, sem fátækranefndinni eru falin.

Fátækrafulltrúarnir skulu sækja fundi fátækranefndar og láta nefndinni í tje allar nauðsynlegar upplýsingar um störf sín og ráðstafanir og um hagi þurfamanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóv. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.